


Alþingi
Erindi nr. P 141/1898
komudagur 8.3.2013

Alþingi
v/Austurvöll
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 8. mars 2013
Tilvísun: 2013020186VEL/--

Efni: Frumvarp til laga um um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011

Persónuvernd vísar til tölvubréfs umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 4. febrúar 2013 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, með síðari breytingum (heimild til rafrænna íbúakosninga og gerð rafrænnar kjörskrár, þskj. 563, 449. mál á 141. löggjafarþingi)

Með frumvarpinu er lagt til að ráðherra geti heimilað að íbúakosning á grundvelli X. kafla sveitarstjórnarlaga fari eingöngu fram með rafrænum hætti og að kjörskrá vegna íbúakosninga verði rafræn.

Bent er á að í lögum nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna er með ítarlegum hætti mælt fyrir um hvernig fyrirkomulagi kosninga skuli háttáð. Í frumvarpi þessu er hins vegar gert ráð fyrir miklu framsali valds til ráðherra.

Telur Persónuvernd eðlilegt að ítarleg ákvæði um framkvæmd rafrænna kosninga væri að finna í lögum.

Virðingarfyllt

Vigdís Eva Línal

lögfræðingur